

Leikskólinn Fífuborg

Starfsáætlun

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
3 Innra mat deilda	16
3.1 Innra mat Álfheima.....	16
3.2 Innra mat Dvergheima.....	22
3.3 Innra mat Ljósheima.....	27
3.4 Innra mat Hulduheima	30
4 Innra mat sérkennslu.....	36
5 Innra mat – fjöltýngd börn	37
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	38
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	40
8 Foreldrasamvinna.....	41
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	42
10 Fylgigögn.....	42
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	43
10.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal	47
10.3 Fylgiskjal 3 - Könnun vegna styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum Fífuborg.....	48
10.4 Fylgiskjal 4 - Matsgögn	53



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Hér verður í stuttu máli gert grein fyrir því sem hæst bar í starfsemi leikskólans á liðnu skólaári um leið og lagðar eru línur að því næsta. Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á leikskólastarfið í vetur eins og í fyrra og þurfti Fífaborgarsamfélagið enn á ný að aðlaga sig að breyttum aðstæðum vegna hans. Stjórnendur og starfmenn þurftu að vera með eindæmum lausnamiðaðir til að láta starfið ganga upp í þessu ástandi.

Fífaborg fékk úthlutaðan þróunarstyrk úr A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur í þriðja sinn skólaárið 2021 - 2022. Haldið var áfram með þróunarverkefnið *Litlu könnuðirnir* og hugmyndin er að festa könnunaraðferðina í sessi í leikskólastarfinu. Fyrstu tvö árin lögðum við áherslu á að efla bernskulæsi og þá helst orðaforða í gegnum vinnu með aðferðina því börnunum gefast ríkuleg tækifæri til að endurtaka orð og frasa í tengslum við viðfangsefnið sem tekin eru fyrir hverju sinni. Skólaárið 2021-2022 lögðum við áherslu á eflingu félagsfærni í gegnum könnunaraðferðina þ.e. að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu í vinnu með aðferðina. Könnunaraðferðin eflir þar að auki alla aðra lykilþætti menntastefnunnar, sem er læsi, sköpun og heilbrigði þar sem unnið er út frá áhugasviði barnanna á fjölbreyttan hátt.

Búið er að sækja um styrk úr nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs vegna þessa verkefnis í fjórða sinn fyrir skólaárið 2022 - 2023. Markmiðið er að festa vinnu með könnunaraðferðina enn betur í sessi og mun áherslan verða áfram á eflingu félagsfærni næsta skólaár. Einnig að vinna með alla lykilþætti menntastefnu Reykjavíkur.

Sem fyrr segir voru margar áskoranir sem þurfti að takast á við í leikskólanum á liðnu skólaári vegna Covid-19 en þrátt fyrir það var farið af stað í vinnu með könnunaraðferðina eftir áramót.

Lærdómssamfélag Fífaborgar um könnunaraðferðina sem stofnað var veturinn 2020 – 2021 reyndi að hittast á fjögurra vikna fresti. Þar fengu allir tækifæri til að segja frá gangi verkefnisins á sinni deild og fá í leiðinni hvatningu og leiðbeiningar um hvað mætti gera betur.


Ávinningur af þessari vinnu er mikill. Orðaforði barnanna jókst töluvert í tenglum við viðfangsefnið. Þau lærðu ný hugtök, ný sönglög og lásu nýjar bækur. Þau lærðu að þróa með sér samvinnu. skiptast á og lærðu að leita lausna sjálf. Áhugi barnanna var mikill og þekking þeirra á viðfangsefnunum jókst þar sem heilmikið bættist við á hugmyndavefina sem gerðir voru með börnunum í upphafi verkefnisins.

Á liðnu skólaári komu nemar frá Þýskalandi í nokkrar vikur í Fífuborg, bæði fyrir og eftir jóla vegna Erasmus+ samstarfsverkefnis á milli Fífuborgar og Eugen-Kaiser-Schule í Hanau í Þýskalandi. Tveir stjórnendur Fífuborgar fóru til Hanau í júní á alþjóðlega kynningarviku sem Eugen-Kaiser-Schule hélt og kynntu starfið í Fífuborg með áherslu á vinnuna með Ellu umhverfisdúkkum (endurvinnsludúkkum) sem Fífuborg fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundarráðs fyrir árið 2019.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat leikskólans hefur verið unnið eftir þeim þáttum sem matsteymi Fífuborgar ákvað að yrðu metin veturinn 2021 – 2022. Það er gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Börnin endurmatu nokkra þætti starfsins en það fór þannig fram að rætt var við börnin í hóp þar sem þau voru spurð m.a. um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Foreldrar tók ekki þátt í mati þetta skólaárið. Matslistar sem stuðst hefur verið við eru heimagerðir listar um endurmat (Sjá fylgiskjal 4, bls.53). Þá hefur endurmatshringur Fífuborgar verið notaður.

Endurmatshringur Fífuborgar



Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Fræðsla og þjálfun	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2022	Starfsmenn	Meðalskor þessa þáttar var 3,90 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2021. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2022 var þessi þáttur komin upp í 4,16. Stjórnendur hafa verið duglegir að senda tölvupósta og hengja upp auglýsingar ásamt því að bjóða upp á góð erindi á skipulagsdögum. Styrkleiki þessa þáttar er áhugasamt starfsfólk sem vill sækja sér fræðslu til að eflast í starfi. Stjórnendur munu halda áfram að auglýsa námskeið og bjóða upp á gagnleg og fræðandi erindi á skipulagsdögum. Einnig verða skipulagsdagar notaðir til að auglýsa fræðslu og námskeið sem starfsmenn geta sótt.
Sveigjanleiki í starfi	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2022	Starfsmenn	Meðalskor þessa þáttar var 3,83 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2021. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2022 var þessi þáttur komin upp í 4,16. Á skipulagsdegi haustið 2021 voru umræður meðal stafsólk um þennan þátt. Kom þá í ljós að starfsfólki fannst sveigjanleikinn hafa minnkað með tilkomu styttingu vinnuvikunnar þar sem það væri mjög erfitt að fá tíma hjá læknum og annað á sínum styttingadegi. Farið var yfir það að starfsfólk gæti farið á öðrum tíma ef það fengi ekki tíma á þeim degi sem hentaði. Þetta hefur gengið vel og starfsfólk hefur þá farið seinna í styttingu ef það hefur þurft að skreppa utan hennar.



Starfsmanna- stöðuleiki	Þessi þáttur var ekki metin í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2022		Í Fífuborg er góður starfsmannastöðuleiki og hér eru margir starfsmenn með háan starfsaldur. Meðalskor þessa þáttar var 3,77 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2021.
Könnunaraðferðin	<p>Á deildarfundum</p> <p>Á skipulagsdögum reglulega yfir skólaárið</p> <p>Á fundum lærdóms-samfélagsins</p>	<p>Starfsmenn</p> <p>Börn</p>	<p>Allar deildir hafa unnið með könnunaraðferðina í vetur. Verkefnið fór vel af stað og er starfsfólk orðið mun öruggara að vinna með aðferðina.</p> <p>Við erum búin að sækja um styrk úr þróunarsjóði í fjórða sinn til að halda áfram að þróa okkar vinnu með könnunaraðferðina og festa hana enn frekar í sessi í leikskólanum.</p> <p>Styrkleikar verkefnisins er áhugasamt starfsfólk sem vinnur vel með börnunum og er duglegt að hlusta á börnin og finna út áhugasvið þeirra.</p> <p>Allar deildir buðu foreldrum að koma í heimsókn og sjá afrakstur verkefnisins.</p> <p>Sjá einnig innra mat deilda</p>
Félagsfærni	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið	Starfsfólk	<p>Lögð var sérstök áhersla að vinna með félagsfærni í könnunaraðferðinni í vetur. Það hefur gengið vel og mikil áhersla lögð á samskipti, samvinnu og að skiptast á.</p> <p>Vináttuverkefni Barnaheilla hefur einnig stutt vel við þessa vinnu og við finnum að börnin sýna hvort öðru umburðarlyndi og eru duglegri að hjálpast að.</p> <p>Við fengum fyrirlestur vorið 2021 um félagsfærni en í vetur hafa verið umræður á skipulagsdögum og deildarfundum um leiðir til að</p>



			<p>efla félagsfærni barna í gegnum könnunaraðferðina.</p> <p>Styrkleikar verkefnisins er reynslumikið starfsfólk sem hefur sótt ýmis námskeið í gegnum árin og hefur áhuga á vinnunni sinni.</p> <p>Ekki náðist að fylla út gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni fyrir öll börn en við stefnum að því veturinn 2022 – 2023.</p> <p>Sjá einnig innra mat deilda</p>
Grænfáni – neysla og úrgangur	<p>Á deildarfundum.</p> <p>Á deildarstjórafundum.</p> <p>Á skipulagsdögum.</p> <p>Reglulega yfir skólaárið</p>	<p>Starfsmenn</p> <p>Börn</p>	<p>Verkefnið gengur vel og höfum við náð þeim 6 markmiðum sem við settum okkur í upphafi þess.</p> <p>Ekki hefur náðst að skila skýrslunni og er megin ástæðan fyrir því Covid 19. Við fengum frest og munum skila skýrslu í haust ásamt því að ákveða með starfsmannahópnum hvert þemað verður fyrir næstu tvö árin.</p> <p>Eins og með önnur verkefni sem leikskólinn hefur unnið með lengi er margt af því sem tengist verkefninu komið í veggina og er auðvelt að vinna með.</p> <p>Styrkleikar verkefnisins eru áhugasöm börn og starfsfólk og Ella endurvinnsludúkka sem er andlit verkefnisins.</p>
Undirbúningur starfsfólks Eflingar	<p>Á deildarfundum reglulega yfir árið</p> <p>Í snerpusamtölum við leikskólastjóra</p>	Starfsmenn	<p>Þessi þáttur hefur gengið ágætlega en markmiðið var að allt starfsfólk Eflingar fengi 1,5 tíma í undirbúning á viku.</p> <p>Þessi undirbúningur féll niður ef mikil veikindi voru. Veikindin voru mismikil á milli deilda og því féll undirbúningur oftast niður</p>



			<p>á þeim deildum sem meira var um veikindi.</p> <p>Við þurfum að finna leið til að jafna þann tíma sem starfsfólk fær í undirbúning og ætlum að fara í hugmyndavinnu með öllu starfsfólki hvernig við gerum það næsta vetur.</p> <p>Starfsfólk setti sér markmið í snerpusamtali við leikskólastjóra og áttu að nota undirbúninginn til að vinna að þeim markmiðum. Misjafnt var hvernig það gekk en einhverjir starfsmenn töldu sig hafa náð settum markmiðum.</p> <p>Styrkleikar verkefnisins er vant starfsfólk sem getur borið ábyrgð á verkefnum sem deildarstjóri setur í þeirra umsjá.</p>
Starfsánægja	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2022	Starfsmenn	<p>Meðalskor þessa þáttar var 4,57 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2021. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2022 var þessi þáttur komin upp í 4,59.</p> <p>Þó svo að við stæðum okkur vel í þessum þætti í könnuninni 2021 fannst okkur mikilvægt að hlúa sérstaklega vel að þessum þætti síðastliðið skólaár.</p> <p>Við erum að koma úr fordæmalausum tímum og við þurftum að finna leiðir til að halda starfsánægju starfsfólks.</p> <p>Á skipulagsdegi í janúar 2022 fengum við Bjart Guðmundsson leikara og frammistöðuþjálfara með námskeiðið <i>Óstöðvandi liðsheild í topp tilfinningalegu ástandi: Liðsuppygging fyrir vinnustaði</i>.</p>



			<p>Allir voru sammála því að námskeiðið gerði þeim gott og hristi vel upp í hópnum.</p> <p>Við ætlum að gera enn betur á næsta skólaári þ.e. að gera allt sem var ekki hægt að gera þegar Covid var og fara í námsferð erlendis vorið 2023.</p>
Starfsmannakönnun um styttingu vinnuvikunnar	Rafræn könnun	Starfsmenn	<p>Í Apríl 2021 svaraði starfsmannahópurinn könnun um styttingu vinnuvikunnar en þessi saman könnun var lögð fyrir sama hóp í maí 2022. Við settum okkur markmið um að þeim sem svöruðu <i>fremur óánægð með gæði vinnu sinnar eftir styttingu vinnuvikunnar</i> fækki og fari undir 27%. Í könnuninni í ár var þessi liður komin í 25% en flestir eru fremur ánægðir með gæði vinnu sinnar eða 50%.</p> <p>Við settum okkur líka markmið um að þeim sem svöruðu að þeir upplifðu álag <i>fremur oft</i> fækki og fari undir 27%. Þessi liður var núna í 25% en 41.67 sögðust stundum upplifa meira álag. Það kemur í ljós með þessari könnun að starfsfólk er að upplifa meira álag í vinnunni með tilkomu styttingu vinnuvikunnar og það er okkar niðurstaða að þetta sé ekki eitthvað sem við getum haft bein áhrif á.</p>
Starfsmannaviðtöl	Á deildarstjórafundum	Stjórnendur	<p>Leikskólastjóri tók allt starfsfólk í snerpusamtöl skólaárið 2021-2022. Flestir settu sér markmið í fyrsta viðtalinu og markmiðunum var fylgt eftir í vorsamtalinu 2022.</p> <p>Deildarstjórar tóku viðtal við sitt starfsfólk haustið 2021.</p>



			Flestir töldu sig hafa náð settum markmiðum og mun leikskólastjóri halda áfram með þessi viðtöl skólaárið 2022-2023.
--	--	--	--

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmanna-könnun Reykjavíkurborgar 2022	Rafræn könnun	Starfsfólk	<p>Könnunin kom ágætlega út en meðaltal allra þátta er 3,92 sem er 0,41 stiga lækkun frá því í fyrra. Ástæðuna teljum við vera nýjar spurningar um Covid 19 og að starfsfólk upplifir meira vinnuálag.</p> <p>Starfsánægja 4,59 Starfsandi 4,65 Upplýsingaflæði 4,56 Stjórnun 4,28 Einelti frá samstarfsfólki 0%. Áreiti frá samstarfsfólki 0% Starfspróunarsamtal 100%</p> <p>Hæfilegt vinnuálag er 1,69 en var í 3,64 2021. Þetta er óásættanleg lækkun en rímar við niðurstöður okkar úr könnuninni um styttingu vinnuvikunnar.</p> <p>Starfsfólk er að upplifa mun meira álag en það gerði og finnst það hafa meira að gera. Styrkleikar okkar í þessu er mjög gott samstarf á milli</p>



deilda. Við höfum breytt ýmsu t.d. í dagskipulagi til að létta á starfinu en niðurstaðan lagast ekki heldur versnar.

Við höfum takmörkuð úrræði til að hafa áhrif á þennan þátt þar sem að okkar mati vantar fjármagn með styttingunni og starfsfólkið okkar talar mikið um álag eftir hádegi.

Við ætlum að fara í frekari hugmyndavinnu með starfsfólkinu í haust og reyna að finna hvað við getum gert meira til að minnka álag.

Ekki náðist að fara yfir viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar á síðasta skipulagsdeginum í vor þar sem niðurstöður komu frekar seint en það verður gert á fyrsta skipulagsdeginum í haust.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023							
UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Móttaka nýrra starfsmanna	Að vera með virka móttöku-áætlun. Uppfæra viðtalsblað fyrir nýtt starfsfólk.	Deildarstjórar taka á móti og þjálfa nýtt starfsfólk í samvinnu við annað starfsfólk á deildinni. Deildastjórar taki nýtt starfsfólk í viðtal eftir fjórar vikur í starfi og í allt að fjögur skipti eftir það.	Stjórn- endur	Haustið 2022	Vorið 2023	Á deildarstjóra- fundum. Í starfsmanna- viðtölum leikskólastjóra	Að nýtt starfsfólk sé tekið í viðtal allt að fjórum sinnum og fylli út viðtalsblað fyrir nýtt starfsfólk. Að nýtt starfsfólk lesi starfsmanna- handbók, námskrá, starfsfáætlun og fái nýliðafræðslu á vegum SFS.
Viðtöl deildarstjóra við starfsmenn á deild	Að deildarstjórar taki sitt deildarstarfsfólk í viðtal á haustin. Uppfæra viðtalsblað fyrir deildarstarfsmenn.	Á deildarstjórafundum er sett niður áætlun um hvenær viðtölin eiga að vera. Stjórnendur aðstoða ef það þarf afleysingu inn á deild.	Stjórn- endur	Haustið 2022	Lok ársins 2022	Á deildar- stjórafundum. Í starfsmanna- viðtölum leikskólastjóra	Að allt starfsfólk fari í viðtal hjá sínum deildarstjóra á haustin. Að deildarstjórar noti ný viðtalsblöð í viðtölum við sína deildarstarfsmenn
Uppeldis- og menntastarf							
Könnunar- aðferðin	Halda áfram að vinna með könnunar- aðferðina og festa hana í sessi í leik- skólanum.	Deildirnar nota haustið til að hlusta á barnahópinn og finna út hvar áhugi þeirra liggur. Fulltrúar í lærdóms- samfélagi	Stjórn- endur Deildar- stjórar	Haustið 2022	Vorið 2023	Á deildarfundum reglulega yfir árið Á fundum hjá lærdóms- samfélagi um könnunar- aðferðina	Að allar deildir vinni a.m.k. eitt verkefni í tengslum við könnunar- aðferðina yfir veturinn. Að allar deildir kynni fyrir foreldrum eitt



	Að hver deild eigi einn fulltrúa í lærdóms-samfélagi könnunar-aðferðar-innar.	hittast á 4 - 6 vikna fresti og ræða framgang verkefnisins. Þeir nota einnig skipulagsdaga til að segja frá hvernig verkefnið gengur.					verkefni með því að bjóða þeim á sýningu í leikskólanum. Að senda könnun á foreldra um heimsóknina.
Hlutverk starfsfólks í leik	Að allt starfsfólk viti hvert hlutverk þeirra er í leik barnanna. Að starfsfólk sé meðvitað um hvernig skapa megi gott umhverfi fyrir leikinn og hvernig þeir geta stutt við hann.	Að starfsfólk fái fræðslu um leik barna t.d. á námskeiðum og fyrirlestrum. Lesi fræðigreinar og annað efni sem tengist hlutverki starfsfólks og leik barna. Að leikurinn sé ræddur reglulega á deildarfundum og skipulagsdögum.	Stjórn-endur Deildar-stjórar Allt starfs-fólk	Haustið 2022	Vorið 2023	Á deildarfundum reglulega yfir árið	Að allt starfsfólk hafi fengið fræðslu um leikinn og hlutverk þeirra í honum. Að starfsfólk hafi lesið fræðigreinar sem tengjast viðfangsefninu. Að starfsfólk taki þátt í umræðum um leikinn á deildarfundum og skipulagsdögum.
Læsisáætlun	Að unnið sé eftir læsisáætlun leikskólans á öllum deildum.	Að læsisáætlun Fífuborgar verði uppfærð. Farið verður yfir hana á skipulagsdegi þar sem innihald áætlunarinnar er rætt og allt starfsfólk geti	Stjórn-endur. Deildar-stjórar.	Haustið 2022	Vorið 2023	Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið. Á deildarfundum reglulega yfir árið.	Að allt starfsfólk sé búið að lesa læsisáætlun Fífuborgar og þekki stefnu leikskólans varðandi bernskulæsi. Að starf leikskólans beri þess merki að hér sé unnið



		<p>komið með hugmyndir.</p> <p>Allt starfsfólk lesi læsis-áætlunina þegar hún er tilbúin.</p>					eftir virkri læsisáætlun.
Félagsfærni	<p>Að efla félagsfærni barna.</p> <p>Að starfsfólk viti hvernig unnið er með félagsfærni og hvernig þeir geta eftt hana hjá börnum í gegnum leik og starf.</p>	<p>Að halda áfram að vinna með félagsfærni og nýta þá fræðslu sem starfsfólk hefur fengið til þess.</p> <p>Að nýta könnunar- aðferðina til að efla félagsfærni barna.</p> <p>Að nýta vináttu verkefni Barnaheilla til að efla félagsfærni barna.</p>	<p>Stjórn-endur.</p> <p>Deildar-stjórar.</p> <p>Allt starfs-fólk.</p>	Haustið 2022	Vorið 2023	Á deildar-fundum reglulega yfir árið.	Að fylla út gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni fyrir öll börn leikskólans.
Mannauður/ Leikskóla- bragur							
Starfsánægja	<p>Að starfs-ánægja haldi áfram að vera góð.</p> <p>Að skapa góðan starfsanda og gott vinnu-umhverfi.</p>	<p>Fá fyrirlestra/viðburði sem bæta liðsheild, samvinnu og gleði.</p> <p>Fara yfir blaðið <i>Samskipti okkar í Fíjuborg</i> með starfsmanna-hópnum.</p>	<p>Stjórn-endur.</p> <p>Deildar-stjórar.</p> <p>Allt Starfs-fólk.</p>	Haustið 2022	Vorið 2023	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2023.	Að meðalskor þessa þáttar haldi áfram að vera gott í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2023.



		Að starfsmanna- hópurinn skoði saman hvað það er sem gerir Fífuborg að góðum vinnustað og hvernig við getum bætt þau atriði enn frekar. Skipuleggja námsferð vorið 2023.					
Hæfilegt vinnuálag	Að starfsfólk upplifi minna álag í vinnunni	Að starfsfólk vinni saman að því að skoða starf leikskólans og greina hvar það er að upplifa mesta álagið. Að starfsfólk vinni saman að lausnum og breytingum sem við getum gert til að minnka vinnuálag.	Stjórn- endur. Deildar- stjórar. Allt starfs- fólk.	Haustið 2022	Vorið 2023	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2023.	Að meðalskor þessa þáttar hækki í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2023.
Innra mat							
Starfsmanna- könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Að gera nýja könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Að gera nýjar spurningar og fá hugmyndir frá starfsfólki að leiðum sem minnka álag í starfi. Kanna áhuga starfsfólk á að taka styttinguna út á annan hátt en við gerum núna.	Stjórn- endur	Haustið 2022	Vorið 2023	Starfsmanna- könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Að allt starfsfólk svari könnun um styttingu vinnuvikunnar. Að allt starfsfólk fái kynningu á niðurstöðum. Að starfsmanna- hópurinn skoði hvort við getum nýtt okkur niðurstöðurnar til að minnka álagið í starfinu



							og hvort áhugi sé fyrir því að breyta hvernig stytting er tekin út.
Foreldrakönnun	Að foreldrar/forráðamenn taki þátt í að meta starf leikskólans	Gera könnun til foreldra/forráðamanna um sýninguna í tengslum við könnunaraðferðina. Gera könnun til foreldra nýrra barna um aðlögunina.	Stjórnendur	Haustið 2022	Vorið 2023	Rafræn könnun	Að svarhlutfall foreldra/forráðamanna verið yfir 70%. Að nýta okkur niðurstöður til umbóta fyrir skólaárið 2023-2024

3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Álfheima

Þeir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2021-2022 voru Grænfáninn neysla og úrgangur, mat á foreldraheimsókn í tengslum við könnunaraðferðina, vináttan Blær með áherslu á félagsfærni, könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni og hlutverk starfsmanns í leik.

Grænfáninn-neysla og úrgangur:

Ella endurvinnsludúkkja kom reglulega í heimsókn til okkar eða eina viku í mánuði. Í byrjun töluðum við mikið um úrgang og rusl. Skoðuðum rusl og flokkuðum. Töluðum um hvaða rusl ætti heima í bláu tunnunum, hvað í gráu og svo þeirri grænu. Við ræddum líka um það hvað hafði verið upprunalega geymt þeim ílátum sem væri orðið rusl núna. Við fórum ekki í eins margar gönguferðir til að tína rusl og við ætluðum því fljótt fylltist allt af snjó. Í staðinn leituðum við til heimilanna og báðum foreldra að safna saman plasti í 2-3 daga og koma með í leikskólann. Það kom okkur á óvart hversu dræm þátttaka var í því litla verkefni en við gerðum bara gott úr því sem kom. Við skoðuðum plastið, lyktuðum af því og töluðum um hvað hafði verið í því. Svo spjölluðum við um það hvað við ættum að gera við þetta plast. Börnin tengdu strax við söguna um Rusladrekann og vildu gera plastskrímsli. Við gerðum skrímsli og lékum okkur svo með restina af plastinu í frjálsum leik.



Foreldrar fengu reglulega fréttabréf um verkefnið og svo hengdum við plastskrímslið upp fyrir framan deildina.

Styrkleikar: Börnin eru meðvituð um að það er margt bæði í umhverfinu okkar og heimilum sem við getum endurnýtt og notað og gefið því nýtt hlutverk. Við tíndum fuglaber sem við þurrkuðum og nýttum í listaverk síðar. Við tíndum laufblöð og pressuðum og fönndruðum svo með laufblöðin um haustið. Fundum könguló og höfðum hana hjá okkur í skordýrabúri í smá tíma. Gróðursettum lauka í mold. Við söfnuðum plasti frá heimilum og bæði fönndruðum með það og lékum. Börnin eru orðin meira meðvituð um að fá sér bara einu sinni sápu og ekki láta renna mikið vatn þegar þau þvo sér um hendurnar. Þau eru orðin mun meðvitaðri um umhverfið og í útiveru í garðinum tína þau rusl og henda því.

Þessi þáttur er orðin hluti af okkar daglega starfi og teljum við að honum sé náð.

Foreldraheimsókn í tengslum við könnunaraðferðina:

Í byrjun maí buðum við foreldrum að koma í heimsókn á deildina til að skoða afrakstur vinnu með könnunaraðferðina og fleira sem við vorum búin að vera að gera yfir veturinn. Þetta heppnaðist mjög vel og sáum við að bæði foreldrar og börnin nutu sín virkilega í að labba um deildina og sýna og sjá. Þeir foreldrar sem komu voru greinilega mjög ánægð með að fá loksins að koma og skoða deildina almennilega. Þetta er eitthvað sem við viljum gera aftur næsta vetur og ef til vill 2 sinnum yfir veturinn, fyrir og eftir áramót.

Styrkleikar: Það er svo mikilvægt fyrir börnin að fá að sýna og segja frá. Þetta eflir sjálfsöryggi þeirra og félagsfærni. Flest sýndu ekki bara sín verk heldur töluðu líka um það sem hinir höfðu gert því mikið af þeim verkum og verkefnum sem við gerðum í tengslum við könnunaraðferðina unnum við í samvinnu.

Þessi þáttur heppnaðist mjög vel og ætlum við að halda honum í okkar skipulagi, teljum við að honum sé náð.

Könnunaraðferðin:

Í vetur lögðum við aðaláherslu á félagsfærni samhliða könnunaraðferðinni. Við máttum verkefnið líkt og áður. Höfðum skráningar og tókum myndir. Foreldrar fengu reglulega pósta og Sway skjöl um verkefnið. Við byrjuðum eftir áramót á þemanu okkar og ákváðum við í sameiningu að halda áfram að fjalla um vatnið. Börnin á Álfheimum unnu með þetta þema síðasta vetur á Ljósheimum.



Við byrjuðum á að gera hugarkort til að finna út hvað börnin vissum um vatnið. Þau vissu ansi margt og því leiddi verkefnið okkar meira inná að dýpka ýmis atriði tengd vatninu sem við sáum að þau höfðu áhuga á. Þegar snjórinn kom gripum við það tækifæri og tókum snjó inn á deild þar sem þau skoðuðu hann saman. Fengu að smakka hann, koma við, kreista, lita o.s.frv. Svo gerðum við nokkrar



tilraunir bæði með snjó, klaka og vatn. Við prufuðum að setja vatn í snjóinn, lita hann og láta hann bráðna.

Við blönduðum ýmsum mat í vatnið til að sjá hvort það blandaðist, sökk, litaðist eða

flaut á vatninu. Við settum bæði mat og dót í vatn og frystum. Og fengu þau svo að fylgjast með því ferli þegar klakinn bráðnaði, fengu að koma við, smakka og leika með klakann. Einnig töluðum við mikið um sjóinn og þau dýr sem í honum lifa. Börnin máluðu stóran sjó saman og bjuggu til fiska og önnur sjávardýr sem svo „syntu“ í sjónum. Við fórum ekki í eins margar gönguferðir og við ætluðum að gera en í staðinn lékum við okkur með snjóinn í garðinum.



Við einbeittum okkur að góðri samvinnu í öllu þessu ferli til að auka félagsfærni. Allir fengu að vera með og pössuðum við okkur á því að gefa öllum tækifæri til að láta ljós sitt skína. Þau æfðu sig í að skiptast á, gefa næsta sem beið, bíða sjálf og virða það sem hinir voru að gera, æfðu sig í að segja frá og hlusta á hina.





Verkefninu um vatnið var fléttað inn í hreyfistund, tónlistarstund og gönguferðir. Í hreyfistund fóru krakkarnir í ýmsa leiki tengda dýrunum í sjónum. Í tónlistarstund sungum við og spiluðum lög um vatnið, riginguna og sjóinn. Og í gönguferðum okkar (sem urðu nú ekki margar vegna mikils snjós) máluðum við steina með vatni og lit og skoðuðum umhverfið okkar og leituðum að pollum og lékum okkur í snjónum.

Styrkleikar: Við einbeittum okkur að félagsfærninni og sáum að best væri að vinna mest með samvinnu og virðingu, að fá börnin til að skiptast á og bíða. Við sáum svo greinilega á öllum leik barnanna og teikningum hvað mikið hafði skilað sér og þau lært mikið á þessum tíma.



Við stefnum að því að festa könnunaraðferðina enn frekar inn í starfið okkar og næsta vetur verður áfram lögð áhersla á félagsfærni.

UMBÓTA - ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunar- aðferðin með áherslu á félagsfærni	Að vinna áfram með könnunaraðferðina þannig að hún festist enn frekar í sessi. Að leggja áherslu á félagsfærni. Að upplýsa foreldra um framvindu verkefnisins. Stefnum að því að taka fyrir tvö minni verkefni. Eitt fyrir jóla og annað eftir jóla.	Að starfsfólk noti fjölbreyttar aðferðir til að skrá niður vinnu barnanna. Að fá börnin meira til að meta sjálf.	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2022	Vorið 2023	Skráningar á verkefnum sem unnin verða. Umræður í lærdóms-samfélagi og á starfsdögum	Að starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja við þekkingarleit barnanna. Að börnin fái verkefni sem vekja upp forvitni þeirra, hvetja þau til rannsókna, kannana og lausnaleita. Að börnin þrói með sér færni í samskiptum og þroski með sér betri félagsfærni í gegnum könnunaraðferðina. Að foreldrar þekki þemað sem verið er að vinna með hverju sinni.



Vinátta:

Blær er orðin hluti af öllu starfi tengt vináttu og virðingu á deildinni okkar. Við tókum Blæ stundir þegar eitthvað kom upp á eins og ágreiningur, að einhver skildi út undan, einhver lamdi eða beit. Þá kom Blær til okkar í nokkra daga í samverustund og við ræddum um vináttu og virðingu, hlustuðum á dæmisögur og sungum saman. Við hengdum upp spjöld um vináttu í hæð barnanna svo þau sæju þau vel og tókum við eftir því að þau töluðu stundum saman um það sem sýnt var á spjöldunum.



Styrkleikar: Börnin leita sjálf í að ná í Blæ bangsa ef þau eru leið eða vantar knús. Eins ef barn er leitt þá nær einhver annar í bangsa fyrir viðkomandi svo honum líði betur. Þau skoða líka spjöldin sem við hengjum upp og ræða um þau sín á milli og við okkur. Við hlustuðum á Blæ lögin reglulega sem börnin ná að tengja vel við og eru þau farin að kunna þau nokkuð vel. Ef einhver ágreiningur kemur upp nefna þau oft við okkur kennarana að nú sé kominn tími á að Blær komi í heimsókn.

Þessi þáttur er orðin hluti af öllu leikskólastarfi okkar og telst því fullnád.

Hlutverk starfsmanna í leik:

Á Álfheimum höfum við alltaf haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar það á við. Ætlunin var að rýna betur í hlutverk starfsmanna í leik barnanna þetta skólaár og tókst það ágætlega. Við ræðum reglulega saman um leikinn á deildarfundum og er allt starfsfólk meðvitað um mikilvægi þess að vera til staðar í leiknum. Við þurfum að leggja



okkur sérstaklega mikið fram á haustin þegar við fáum ný börn til okkar. Þau eru ung og kunna oft ekki almennilega að leika í hóp. Við hjálpum þeim að byrja að leika og styðjum svo við leikinn og erum til staðar. Við reynum að finna út þá einstaklinga sem vantar meiri aðstoð og einbeitum okkur að þeim til að efla leikfærni þeirra.

Styrkleikar: Næsta vetur munum við halda áfram að rýna í hlutverk starfsmanns í leik, enda má alltaf gera betur og læra meira.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsmanna í leik	Að starfsmenn eflist í því hvenær þeir eigi að taka þátt í leik barnanna og hvenær þeir eiga að draga sig úr leiknum.	Að starfsfólk hafi tækifæri til að kynna sér ýmsar aðferðir til að styðja börn í leik. Að starfsmenn leiðbeini og taki þátt í leik barna þegar það á við t.d. til að efla leikfærni.	Stjórn- endur og deildar- stjórar	Haustið 2022	Vorið 2023	Á deildar- fundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk öðlist betri skilning á leiknum og hvernig megi efla leikfærni barna. Að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast í leiknum. Að börnin öðlist betri leikfærni.

Læsisáætlun Fífuborgar

Ákveðið var að rýna betur í starf okkar út frá læsisáætlun Fífuborgar. Við viljum athuga hvort við séum að vinna samkvæmt stefnunni og hvað megi bæta. Skoða ýmsa þætti betur og vinna markvissara með þá. Er barnið í brennidepli og er unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði? Hafa börnin gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efnivið, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkkunnáttu, máli og læsi?

Við viljum t.d. kanna hvort bækur séu alltaf aðgengilegar og sýnilegar í hillum á öllum deildum. Hvort sæti barnanna þar sem hópastund er séu merkt með nafni og tákni hvers og eins. Hvort bókstafir og tölustafir á spjöldum og veggspjöldum með stafrófi séu sjáanleg í hæð barnanna á hverri deild. Hvort blöð, litir og blýantar séu alltaf til staðar og aðgengileg fyrir börnin. Hvort hillur og leikfangakassa séu merkt. Hvort unnið sé með lög mánaðarins og þulur reglulega og ýmsa leiki, borðspil og rím.

Tækifæri til málörvunar eru mörg í daglegu starfi. Starfsmenn tileinka sér að setja orð á hluti og athafnir í samskiptum við börnin. Nota opnar spurningar sem gera þær kröfur að börnin svari með setningu.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsisáætlun Fífuborgar	Að starfsmenn endurmeti hvort það sé verið að fylgja læsis-áætlun Fífuborgar til hlítar. Hvar getum við gert betur og hvaða leiðir getum við farið til að ná því markmiði. Að upplýsa foreldra um mikilvægi bernskulæsis. Að styðja við börn með annað tungumál en íslensku.	Allir starfsmenn kynna sér læsisáætlun Fífuborgar, og skoða hvort við séu ekki fara eftir henni.	Stjórn-endur og deildarstjórar	Haut 2022	Vor 2023	Á deildar fundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk öðlist betri sýn á læsisáætlun. Að starfsfólk fái kynningu á leiðum til að vinna með áætlunina í leikskólafinu.

3.2 Innra mat Dvergheima

Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni

Byrjað var á að vinna tvö verkefni eftir könnunaraðferðinni með áherslu á félagsfærni á Dvergheimum: Verkefnin voru Álfar fyrir áramót og Krummi eftir áramót.

Fyrir áramót var byrjað að vinna með álfa í könnunaraðferðinni. Áhugi barnanna á álfum kviknaði út frá því að mörg af börnum deildarinnar voru búin að sjá leikritið Benedikt búálfur. Börnin sáu víða álfa þegar farið var í gönguferðir í nánasta umhverfi leikskólans. Bækur voru skoðaðar og álfasögur lesnar og í frjálsa leiknum var mikið farið í sjálfsprottna álfaleiki. En sökum fjarveru barna og starfsfólks náði verkefnið ekki á það flug sem við höfðum væntingar um og fjaraði hægt og rólega út.



Eftir áramót tókst betur til í vinnu með könnunaraðferðina. Viðfangsefnið var Krummi en áhugi barnanna beindist mikið að Krumma. Áhugi þeirra á Krumma kviknaði eftir að Krummabróða kom og var með okkur í samverustund eftir áramótin. Einnig sjáum við oft á tíðum marga Krumma í kringum leikskólann. Börnin fengu fræðslu um hann frá starfsmönnum deildarinnar og á Náttúrufræðistofu



Kópavogs. Eftir fræðsluna um Krumma sáu börnin að hann er ekki alltaf kurteis og góður fugl. Þá var farið í að útbúa reglur fyrir Krumma og einnig var unnið með félagsfærni þegar börnin fóru í ratleik um nánasta umhverfi leikskólans að leita að Krummagulli og var þá mikil samvinna milli barnanna við að finna „Krummagull“. Einnig var félagsfærni og samvinna æfð við að spila Krummaspil. Börnin lærðu textann af nokkrum Krummalögum sem þau sungu fyrir Krumma í ratleiknum. Í apríl gátum við fylgst með Krummalaup í beinu streymi, það þótti börnunum mjög spennandi og þá sérstaklega þegar ungarnir voru búnir að klekjast út úr eggjunum. Myndaskráningar voru gerðar á meðan verkefninu stóð og þær sendar til foreldra í Sway og foreldra upplýstir um hverju við værum að

vinna að hverju sinni í vikulegum tölvupóstum.

Tækifæri til umbóta: Vel gekk að ná markmiðinu að tengja félagsfærni við könnunaraðferðina eftir áramótin og teljum við að markmiðinu hafi verið náð þá. En til að festa könnunaraðferðina með áherslu á félagsfærni betur í sessi ætlum við að hafa það áfram í umbótaáætluninni.

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunar- aðferðin með áherslu á félagsfærni	Að festa vinnu við könnunaraðferðina ennþá betur í sessi í leikskólanum og þar með að ná að vinna með alla lykilþætti Mennta- stefnu Reykjavíkur.	Halda áfram með lærdómssa- mfélag starfsmanna tengt verkefninu þar sem starfsmenn miðla m.a. hvernig unnið er með skráningar (í SWAY) og hvernig	Allt starfsfólk og fulltrúi deildarinnar í lærdóms- samfélaginu	Haust 2022	Vor 2023	Skráningar á verkefnunum sem unnin verða. Umræður í lærdóms- samfélagi og á starfsdögum	Að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu



		flétta má áherslu á félagsfærni inn í aðferðina.					
--	--	--	--	--	--	--	--

Vinátta – Félagsfærni

Að samþætta vináttuverkefnið við áherslur okkar á félagsfærni í könnunaraðferðinni

Styrkleikar: Sami kennari hélt utan um vináttustundirnar með Blæ í vetur.

Börnin urðu virkir þátttakendur í umræðum í vináttustundunum eftir því sem leið á veturinn. Öll börnin voru farin að tjá sig í litlum hópum undir vorið segja frá sínum upplifunum og tjá sínar skoðanir. Vináttubangsinn Blær er börnunum hugleikinn og þau eru fljót að grípa í hann ef þau eru leið eða sjá einhvern leiðan. Blær er hjálparbangsi og er mikil hughreysting falin í því að knúsa hann. Félagsfærni barnanna hefur aukist



mikið frá því í haust er þau komu ný inn á Dvergheima.



Vel gekk að samþætta vináttuverkefnið og félagsfærni í vetur, við teljum að markmiðinu hafi verið náð.

Hlutverk starfsmanna í leik

Að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þeirra í að gera umhverfi fyrir leikinn gott og hvernig þeir geti verið til staðar í leiknum.

Skólaveturinn 2021-2022 voru breytingar í starfsmannahópnum á Dvergheimum, nýir starfsmenn byrjuðu og hættu. En undir vorið var kominn meiri stöðuleiki í starfsmannahóp deildarinnar. Allir starfsmenn deildarinnar voru hvattir til að lesa greinar sem fjölluðu um hlutverk kennarans í leik barna í undirbúningstíma sínum.

Styrkleikar: Starfsmenn deildarinnar sem hafa starfað í nokkur ár í leikskólanum eru meðvitaðri um hlutverk sitt í leik barnanna og hjálpa börnunum að komast inn í leikinn og búa til gott leikumhverfi og með því að skipta upp barnahópnum og loka hurð á milli stofa til að skapa meira næði og minnka hávaða á milli rýma.



Tækifæri til umbóta: Ekki voru allir starfsmenn meðvitaðir um hversu mikilvægu hlutverki þeir gegna í leik barnanna, og tóku mismikinn þátt í



frjálsa leiknum með þeim. Nýjum starfsmönnum er hættara við að sitja í borðvinnu með börnunum en að taka þátt t.d. í hlutverkaleik og nýta rýmið sem er til staðar til að skipta barnahópnum upp. Við teljum að markmiðinu hafi ekki verið náð og því verður þessi umbótaþáttur aftur í umbótaráætlun.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsmanna í leik	Að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þeirra í að gera umhverfi fyrir leikinn gott og hvernig þeir geti verið til staðar í leiknum.	Fræðsla um kveikjur/stöðvavinnu og umræður um góðan efnivið Fræðsla um hlutverk kennarans í frjálsum leik og hvernig börn koma inn í leik.	Leikskólastjóri, deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Könnun gerð á viðhorfi og þekkingu starfsmanna í upphafi skólaárs og lok skólaárs. Dænum og skráningum safnað á skólaárinu um hvað var gert, bæði fræðsla og dæmi úr starfinu	Að starfsmenn nýti vel þau tækifæri sem gefast til að auka gæðin í frjálsa leiknum með viðveru sinni og fagmennsku

Nýr umbótaþáttur fyrir skólaárið 2022-2023 læsisáætlun Fífuborgar

Við ákváðum að rýna betur í starf okkar út frá læsisáætlun Fífuborgar. Við viljum athuga hvort það sé verið að vinna samkvæmt stefnunni og hvar megi bæta. Skoða ýmsa þætti betur og vinna markvissara með þá. Er barnið í brennidepli og er unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði? Hafa börnin gott



aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efnivið, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkkunnáttu, máli og læsi?

Við viljum athuga t.d. hvort bækur séu alltaf aðgengilegar á öllum deildum og sýnilegar í hillum. Hvort sæti barnanna í samveru séu merkt nafni þeirra og þau geti skoðað hvernig nöfn annara barna er skrifað. Bókstafir og tölustafir á spjöldum og veggspjöld með stafrófi aðgengileg á hverri deild, í hæð barnanna. Blöð, litir og blýantar alltaf til staðar og aðgengileg fyrir börnin. Merktar hillur og leikfangakassar, skrifuð orð á hlutum á veggjum og fleiri stöðum . Að unnið sé með lög mánaðarins reglulega og þulur. Einnig vinna með ýmsa leiki, borðspil og rím.

Tækifæri til málörvunar eru mörg í daglegu starfi. Starfsmenn tileinka sér að setja orð á hluti og athafnir í samskiptum við börnin. Nota opnar spurningar sem gera þær kröfur að börnin svari með setningu.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsisáætlun Fífuborgar	Að starfsmenn endurmeti hvort það sé verið að fylgja læsisáætlun Fífuborgar til hlítar. Hvar getum við gert betur og hvaða leiðir getum við farið til að ná því markmiði. Að upplýsa foreldra um mikilvægi bernskulæsis. Að styðja við börn með annað tungumál en íslensku.	Allir starfsmenn kynna sér læsisáætlun Fífuborgar og skoða hvort við séum að fara eftir henni.	Stjórnendur og deildastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Á deildarfund um með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir veturinn.	Að starfsfólk öðlist betri sýn á læsi áætlunina Að starfsfólk fái kynningu á leiðum til að vinna með stefnuna inn í leikskóla-starfinu.



3.3 Innra mat Ljósheima

Vinátta

Að tengja Vináttuverkefnið við áherslu okkar á félagsfærni í könnunaraðferðinni.

Að tengja vináttubangsann Blæ meira við hefðbundið starf deildarinnar.

Á Ljósheimum unnum við markvisst með Vináttuverkefni Barnaheilla í vetur. Við fundum betri stað fyrir Blæ og töskuna hans og varð það til þess að Blær kíkta oftari í heimsókn til okkar og ræddi við börnin um gildi vináttunnar. Einnig hengdum við upp myndirnar sem fylgja með verkefninu og notuðum þær sem kveikjur að samtölum við börnin um t.d. að vera góð við hvort annað, hjálpssemi og að það megi ekki meiða. Einnig lásum við bækurnar sem fylgja með í töskunni og Blær kom og kenndi okkur skemmtileg lög sem tilheyra þessu verkefni. Börnin nota svo litlu Blæ bangsana sína í daglegu starfi til að knúsa og finnst þeim sérstaklega gott að grípa í þá þegar þau eru nývöknuð.



Styrkleikar: Börnin á Ljósheimum hlusta yfirleitt mjög vel á allar brúður og á það einnig við um bangsann Blæ. Í vetur vorum við með mjög ung börn á deildinni okkar og var það mjög greinilegt hvað þau hlustuðu betur þegar við notuðum Blæ til að tala við þau og finnst okkur því Vináttuverkefnið henta mjög til að vinna með félagsfærni barna og samskipti.

Við teljum að vel hafi gengið að vinna með þessi markmið og munum við halda áfram á sömu braut næsta vetur.

Hlutverk starfsmanna í leik

Að finna fleiri þætti í daglegu starfi þar sem starfsmenn geta tekið þátt í frjálsum leik barnanna og stutt við hann.

Lesefni um hlutverk starfsmanna í leik var fundið til og gert aðgengilegt fyrir allt starfsfólk til að lesa.

Starfsfólk var svo reglulega hvatt til að lesa og kynna sér þetta lesefni. Einnig var starfsfólk hvatt til að bæta í möppuna ef það rækkist á eitthvað sniðugt um þetta málefni.



Styrkleikar: Mikill stöðugleiki er búinn að vera í

starfsmannahópnum á Ljósheimum undanfarin ár og starfsfólk

því meðvitað um mikilvægi þess að vera með börnunum í leik.

Reynum við eins og við getum að skipta börnunum í minni hópa

og vera með þeim í leik. Þannig gefst gott tækifæri til að grípa

inn í ef eitthvað kemur upp á og hrósa þegar vel gengur í

samskiptum og samleik og hvetja þau þannig áfram. Við ræddum

þetta reglulega á deildarfundum.



UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsmanna í leik	Að skoða hlutverk starfsmanna í leik í útiveru en við höfum minna rætt um það en hlutverk starfsmanna í leik inni.	Að starfsmenn taki aukin þátt í leik barna í útiveru og styðji þannig við leikinn. Fyrirlestur um hlutverk starfs- manna í leik.	Allt starfsfólk Ljósheima. Leikskóla- stjóri	Haustið 2022	Vorið 2023	Meta reglulega yfir skólaárið á deildarfundum	Að starfsmenn nýti þau tækifæri sem gefast til að taka þátt í leik barna í útiveru og auka þannig gæðin í leiknum



Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni.

Á Ljósheimum voru einungis ný börn þetta skólaárið og fengum við mjög ung börn til okkar. Mörg þeirra voru ekki farin að tala mikið og sum þeirra nánast ekkert. Að fenginni reynslu ákváðum við að vinna ekki með könnunaraðferðina fyrr en eftir áramót. Eftir áramót voru enn þá mörg barnanna lítið farin að segja og því erfitt að fá hugmyndir frá þeim eða skapa einhverjar umræður með þeim. Við skoðuðum og ræddum um hvort við sæjum hjá þeim sérstakan áhuga á einhverju viðfangsefni en gátum ekki merkt það. Starfsfólk ákvað því að vinna með félagsfærni og leggja sérstaka áherslu á samvinnu með því að vinna samvinnuverkefni, að börnin lærðu hjálpa hvert öðru og að finna gleði í því að vera saman, gera eitthvað saman og vera góðir vinir.



Styrkleikar: Vel gekk að vinna með félagsfærni þó ekki hafi verið unnið eftir aðferðum könnunaraðferðarinnar. Börnin höfðu gaman af því að vinna samvinnuverkefni og fannst oft spennandi að fá að aðstoða hvort annað t.d. við að klæða sig úr útifötunum. Við ætlum að vinna áfram með könnunaraðferðina næsta vetur með áherslu á félagsfærni og vonandi gengur það betur hjá okkur þá.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni	Að vinna með könnunaraðferðina þannig að hún festist í sessi.	Halda áfram með lærdóms- samfélag starfsmanna þar sem starfsmenn geta eflst og styrkst í vinnu með könnunaraðferðina og miðlað til	Fulltrúi deildarinnar í lærdóms- samfélaginu og allt starfsfólk deildarinnar.	Janúar 2023	Vorið 2023	Skráningar á verkefnum sem verða unnin. Umræður í lærdómssamfélagi, á skipulagsdögum og á deildarfundum.	Að börnin eflist í samvinnu og þrói með sér betri færni í samskiptum.



		starfsmanna inn á deild.					
--	--	--------------------------	--	--	--	--	--

3.4 Innra mat Hulduheima

Vinátta

Blær er orðin hluti af starfi deildarinnar og við náum að tengja hann við félagsfærni barna t.d. í könnunaraðferðinni. Hann kemur á fundi hjá börnunum þegar ágreiningur kemur upp. Þannig höfum við náð að tengja vináttuna við könnunaraðferðina og notað Blæ markvisst og vísuð í hann þegar þess er þörf. Starfsmenn eru meðvitaðir um að minna á „hvað myndi Blæ segja?“, börnin eru farin að tala saman og leysa málin sín á milli þannig.



Styrkleikar: Börnin lærðu að koma sjálf með góðar lausnir hvernig best væri að leysa málin og hvað/hvernig þau gátu lagað ágreining sín á milli s.s. að nota orðin sín, gefa öðrum tækifæri til að segja hvað þau vilja gera t.d. í leiknum. Þau voru tilbúnari að leyfa öðrum að vera með í leiknum og unnu betur saman þegar flæði var á milli svæða. Börnin náðu í Blæ til að hafa hann með í leiknum ef og þegar þau fundu þörf fyrir það.

Málörvun í leik

Að kennarar væru meira í samskiptum við börn sem halda sig til hlés, nota tákni með tali, vinna markvisst með lykilorð úr bókum og gera starfsmenn meðvitaðri um að setja orð á athafnir.

Eftir áramótin tókst okkur að vinna markvisst með „taka 10“ með flestum börnum og mikið með þeim sem þurftu þess með. Tákni með tali var lagt inn einu sinni í viku en við þurfum að minna betur á það og hafa það sýnilegra. Orðaormur var gerður munnlega og orð rædd úr bókum, bæði sem börnin spurðu um og líka ef orð og setningar komu upp sem kennara fannst börnin ekki skilja og ekki átta sig á hvað var að gerast í sögunni og bara umræðunni almennt. Börnin voru mjög dugleg að spyrja ef þau heyrðu orð sem þau þekktu ekki. Áfram og markvissara verður unnið með Orðaorm þ.e. hafa hann sýnilegan fyrir börnunum á veggjum deildarinnar til að minna þau á orðið sem rætt var um.



Styrkleikar

Að kennari komi á samtali við börnin í leiknum sem gefur honum innsýn í áhugamál og væntingar til þess sem er að gerast. Tákn vikunnar er bókstafur úr Lubba , það hefur hjálpað börnunum að muna hvaða hljóð bókstafurinn hefur eða heiti hans er. Við notum tákn með tali þegar umsjónarmenn segja hvað er í matinn, það auðveldar þeim börnum sem vantar skilning á málinu. Í orðaormi geta börn skoðað orðið og spjallað um það til að muna merkingu þess og þá umræðu sem skapaðist um orðið.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun í leik	Að nota og minna á tákn vikunnar daglega. Að vinna markvisst með orð úr bókum í sögustundum.	Rifja upp tákn vikunnar í samveru. Gera orðaorm sýnilegan á deildinni fyrir börnin þar sem orð er valið úr bók sem lesin er, það rætt og skráð og síðan rifjað upp síðar.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni.	Haust 2022	Vor 2023	Minna á reglulega á deildarfundum og hafa starfsáætlunina sýnilega fyrir alla á deildinni.	Að efla börnin til að nota tákn með tali. Að efla orðaforða barnanna



Könnunaraðferðin

Að vinna markvisst með könnunaraðferðina með áherslu á félagsfærni barna og nýta hana í sem flestu starfi á deildinni.



Fyrir áramótin gekk ekki vel að koma könnunaraðferðinni að vegna heimsfaraldurs og lærdómssamfélag starfsmanna komst heldur ekki almennilega af stað fyrr en eftir áramótin. Þá fór allt á fullt og gekk vel að koma verkefnum af stað. Börnin voru í aldurskiptum hópum og tók yngri hópurinn fyrir *sjónvarp* og eldri *himingeiminn*. Sjónvarpshópurinn fór í vettvangsferð í sjónvarpshúsið og fékk að skoða sig um þar. Einnig tóku börnin viðtal við hvort annað sem var tekið upp og sýnt foreldrum.

Himingeimshópurinn skoðaði margar bækur og myndir í tölvunni af hnöttum og reikistjörnum og bjuggu reikistjörnur til úr verðlausum efnivið þ.e. pappamassa og máluðu hverja og eina í sínum litum. Þau skrifuðu leikrit sem þau léku fyrir foreldra sína á útskriftinni að vori. Börnin voru mjög áhugasöm um verkefnið og fóru í vettvangsferð í Norræna húsið en þar var sögustund um stelpuna Líf sem var úti í geimnum.



Styrkleikar

Að börn þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu. Könnunaraðferðin er samvinnunámsaðferð sem henta vel fjölbreyttum barnahópi.



Vel tókst til með könnunaraðferðina þar sem mikill áhugi var á viðfangsefninu. Börnin lærðu mikið um viðfangsefnið í þekkingarleit sinni og bættu sig í samskiptum, samvinnu og efldu félagsfærni sína með því t.d. að börnin í yngri hópnum tóku fréttaviðtal við hvort annað og eldri hópurinn gerði leikrit sem þau sýndu foreldrum á útskrift sinni. Einnig er könnunaraðferðin valdeflandi þar sem áherslan er á getu og áhuga barnanna sem leiðir þekkingarleitina áfram. Síðast en ekki síst fylgdi verkefnunum mikil gleði hjá bæði starfsmönnum og börnum enda gaman fyrir alla að vinna skapandi og valdeflandi verkefni eins og könnunaraðferðin er.



Tækifæri til umbóta: Vel gekk að ná þessu markmiði á síðari hluta starfsársins og teljum við að þeim markmiðum hafi verið náð sem sett voru. Til að festa könnunaraðferðina með áherslu á félagsfærni betur í sessi munum við halda áfram með hana í umbótaráætluninni.

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Könnunar- aðferðin með áherslu á félagsfærni	Að festa könnunar- aðferðina í sessi í leikskólanum og vinna þannig með alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur.	Halda áfram með lærdóms- samfélag starfsmanna tengt verkefninu, þannig miðla starfsmenn hvernig unnið er með skráningar og hvernig flétta má áherslu á félagsfærni inn í aðferðina.	Starfsfólk og fulltrúi deildarinnar í lærdóms- sam- félaginu	Haut 2022	Vor 2023	Skráning á verkefnum sem unnin verða. Umræður í lærdóms- samfélaginu og kynning á starfsdögum frá þeim.	Að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu

Hlutverk starfsmann í leik

Að efla börnin í frjálsum leik. Að geta betur aðstoðað þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik og haldast í leik.

Markmiðið var að allir starfsmenn prófuðu að gera skráningu á leik barna og skoðuðu þannig markvisst styrkleika barnanna í leiknum og hvaða börn þurfa aðstoð. Vegna ónægrar eftirfylgni og ýmissa breytinga á skipulagi í leikskólanum náðist þetta markmið ekki. Það náðist ekki sú samvinna á milli barnanna sem við vildum sjá þó ýmislegt hafi verið í boði og börnin voru oft ekki tilbúin að deila með sér á svæðunum.



Styrkleikar: Lögð var áhersla á að bjóða upp á áhugaverð leiksvæði og möguleika á að flæða á milli í leiknum ef áhugi var fyrir því. Einnig voru í boði einingakubbar og á sama svæði t.d. þemakassi með skrifstofuefnivið og fleiru og gátu börnin verið í samvinnu á milli svæða. Það gekk vel að setja svæðin upp en samvinna á milli barnanna í hópnum var ekki mikil.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsmann í leik	Að starfsmenn séu meðvitaðir um leikinn og umhverfi fyrir góðan leik og vera til staðar í honum	Fræða starfsmenn um kveikjur og umræður um góðan efnivið. Fræðsla um hlutverk kennarans í leiknum og hvernig börn koma inn í leikinn.	Leikskólastjóri, deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Könnun gerð á viðhorfi og þekkingu starfsmanna í upphafi og lok skólaárs. Dæmum og skráningum safnað á skólaárinu um hvað var gert, bæði fræðsla og dæmi úr starfinu	Að starfsmenn nýti vel þau tækifæri sem gefast til að auka gæði í frjálsum leik með viðveru sinni og fagmennsku

Læsisáætlun

Við ákváðum að rýna betur í starf okkar út frá læsisáætlun Fífuborgar. Við viljum athuga hvort við séum að vinna samkvæmt stefnunni og hvað megi bæta. Skoða ýmsa þætti betur og vinna markvissara með þá. Er barnið í brennidepli og er unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði?



Hafa börnin gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efnivið, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkkunnáttu, máli og læsi?

Við viljum t.d. athuga hvort bækur séu alltaf aðgengilegar á öllum deildum og sýnilegar í hillum. Sæti barnanna í samveru merkt nafni þeirra og þau geti skoðað hvernig nöfn annara barna eru skrifuð.

Bókstafir og tölustafir á spjöldum og veggspjöld með stafrófi aðgengileg í hæð barnanna á hverri deild. Blöð, litir og blýantar alltaf til staðar og aðgengilegt fyrir börnin. Merktar hillur og leikfangakassar, skrifuð orð á



hlutum á veggjum og fleiri stöðum . Að unnið sé með lög mánaðarins og þulur reglulega. Einnig vinna með ýmsa leiki, borðspil og rím.

Tækifæri til málörvunar eru mörg í daglegu starfi. Starfsmenn tileinka sér að setja orð á hluti og athafnir í samskiptum við börnin. Nota opnar spurningar sem gera þær kröfur að börnin svari með setningu.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsisáætlun Fífuborgar	Að starfsmenn fylgi læsis-áætlun Fífuborgar. Hvað getum við gert betur og hvaða leiðir að markmiðum okkar getum við farið. Að upplýsa foreldra um mikilvægi bernskulæsis. Að styðja við börn með annað tungumál en íslensku	Allir starfsmenn kynna sér læsis-áætlun Fífuborgar og skoða hvort við séum að fara eftir henni.	Stjórn-endur og deildar-stjóri	Haut 2022	Vor 2023	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir veturinn.	Að starfsfólk öðlist betri sýn á læsis-áætlunina. Að starfsfólk fái kynningu á leiðum til að vinna með stefnuna inn í leikskóla-starfinu.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

<p>Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Unnið er eftir hugmyndafræði menntunar án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar. Gerðar eru markvissar skráningar til að halda utan um hvað unnið er með, hvað hefur áunnist og til að setja ný markmið. Skráningar eru einnig gerðar í almennu starfi t.d. atferlisskráningar, tíðnisráningar varðandi hegðun og færnisráningar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, EFI-2 og Hljóm-2 er lögð fyrir öll börn leikskólans. Önnur matsgögn sem eru notuð eru AEPS matslistinn, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, Orðaskil, ýmsir færnisráningarlistar og gátlistinn Sjálfsmýnd og félagsfærni (SFS).</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Námöggn sem notast er við eru bæði aðkeypt og heimagerð s.s. Lærum og leikum, Lubbi finnur málbein, SÓL, spil, leikföng, bækur og ýmis gögn, upplýsingar og fræðsla frá Austurmiðstöð, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og MML</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samráð milli sérkennslustjóra og stuðningsaðila	Skipulagðir fundir með öllum þeim er sinna stuðning og sérkennslustjóra	Fundir 2x yfir veturinn, allir stuðningsaðilar og sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Sept. 2022	Mái 2023	Metið á fundi sérkennslustjóra og stuðningsaðila að vori með umræðum	Bætt upplýsingastreymi og samstarf starfsfólks í sérkennslu



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni til leikskólans er fyrst og fremst ráðstafað til málörvunar sem sérkennslustjóri og starfsmenn deilda hafa sinnt í sameiningu.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með grunnorðaforða bæði í skipulögðum stundum, leik og daglegu starfi s.s unnið með lykilorð í sögustundum, með könnunaraðferðinni, Gefðu 10 og ríkulegu málumhverfi,
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markvisst er unnið að því að dýpka orðaforðann t.d. í sögu- samveru- og málörvunarstundum og með könnunaraðferðinni og það síðan yfirfært í leik
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn voru teknir í notkun og þeir ásamt Einn leikskóli mörg tungumál notaðir til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna ásamt því að nota fleiri matstæki s.s. Orðaskil og TRAS til að meta nánar málþroska ef þörf er á.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Áhersla er lögð á að vinna með alla þætti málsins í gegnum leik, daglegt starf, skipulagðar stundir og málörvunarstundir. Byggt er á styrkleikum barna í öllu starfi.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramar	Að auka fjölbreytileika og auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku	Innleiðing á Hæfni-römmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Velja ábyrgðarmenn fyrir hverja deild	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Ágúst 2022	Júní 2023	Umræðumat og farið yfir skráningar á stjórnendafundum	Fjölbreytilegt leikskóla-starf sem styður við framfarir færni-þátta í íslensku.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í október 2021, desember 2021 og maí 2022. Deildarstjórar tóku viðtölin við sitt starfsfólk í október 2021. Ekki var hægt að taka viðtöl í febrúar 2022 eins og til stóð vegna Covid 19. Á næsta skólaári munu þessi samtöl verða skipulögð að hausti í október og desember og að vori í mars eða apríl. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að skapa vettvang og taka frá stund til að heyra hvernig starfsmönnum líður. Einnig að hlusta á óskir þeirra varðandi starfsþróun og í lok samtals að vori setur starfsmaður sér markmið sem hann vinnur að í starfi sínu. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2021-2022.

Tímabil	Námskeið - fyrirlestrar	Hverjir
06.09. – 28.09. 2021	Náttúruleg kennsla að bættri hegðun. Miðgarður þjónustumiðstöð	Deildarstjóri
10.09.2021	Málhljóðamælirinn. Raddlist ehf.	Þroskaþjálfari Leikskólak.
20.09. og 11.10. 2021	TRAS. Endurmenntun HÍ	Leikskólak.
04.10.21	Agi og agastefna Fífaborgar. Dóra B. Steinarsdóttir, hegðunarráðgjafi leikskóla	Allir starfsmenn
Okt. 2021-maí 2022	Lærdómssamfélag leikskólastjóra 1x í mánuði. SFS og HÍ.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
Oktober 2021	Sögupokar- heildstætt málörvunarefni með áherslu á læsi í víðum skilningi. Endurmenntun HÍ	Deildarstjóri x2
05.10. og 03.11. 2021	Brú milli landa – Fræðsla um mismunandi sýn foreldra af erlendum uppruna. Miðstöð máls og læsis.	Sérkennslustjóri og deildarstjóri
13.10.21	Framtíðarskipan í samþættingu þjónustu í þágu barna í Reykjavíkur-Hákon Sigursteinsson. Skipulag sérkennslu í Bakkaborg-Tara Kristín Kjartansdóttir. Sérkennsla í flæði í Rauðhóli.	Sérkennslustjóri
Haust 2021	Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn: Fjölmennung-tengiliðafundir	Sérkennslustjóri
01.11.2021	Fjölmennung, hæfniramar. Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Saga Stephensen	Sérkennslustjóri
19.11.2021	Fjölmennung, hæfniramar. Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Saga Stephensen	Allir starfsmenn
07.01.2021	Óstöðvandi liðsheild í topp tilfinningalegu ástandi: Liðsuppbygging fyrir vinnustaði. Bjartur Guðmundsson.	Allir starfsmenn
18.01. og 25. 01.2022	Náttúruleg kennsla að bættri hegðun.	Sérkennslustjóri Leikskólak.



	Miðgarður þjónustumiðstöð	
Febrúar – apríl 2022	Lærdómssamfélag félagsfærni og sjálfbærni.	Deildarstjóri x2
04.02.2022	Afmælisráðstefna Landverndar, valdið til unga fólksins	Deildarstjóri x2
16.02.2022	Kynning á Miðju máls og læsis. Þóra Sæunn Úlfsdóttir	Sérkennslustjóri
18.02. 2022	Skyndihjálparnámskeið. Vinnuvernd.	Allir starfsmenn
04.03.2022	Hver stýrir skútunni? Morgunverðarfundur Rannung.	Allir stjórnendur
11.03.2022	Kynning á reiknivél KÍ	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
15.03.2022 13.06.2021	ADHD og leikskólinn – Hvað getum við gert? -Jóna Gunnarsdóttir.	Sérkennslustjóri Deildarstjóri
23.03.2022	Grænfána kynning. Landvernd.	Deildarstjóri
27.03.2022	Stjórnendadagur RVK.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
01.04.2022	Opinn efniviður í leik og skapandi starfi. Sigurbaldur P. Frímansson.	Allir starfsmenn
01.04.2022	ADHD og leikskólinn – Hvað getum við gert? -Jóna Gunnarsdóttir.	Allir starfsmenn
26.04.2022	Foreldrasamstarf. Þórey Huld Jónasdóttir	Sérkennslustjóri
28. og 29.04.2022	Sjálfbærni, jafnrétti, vísindi. Ráðstefna á vegum Nordisk Förskola.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
09.05.2022	Fyrirlestur um læsi. Hvernig eflir maður læsi í leik. Miðja máls og læsis.	Allir starfsmenn
11.05.2022	Hvernig gengur? Innra mat í leikskóla. Menntaflétta.	Sérkennslustjóri Aðstoðarstjóri Deildarstjóri x 3
13.06.2022	ADHD og leikskólinn – Hvað getum við gert? Jóna Gunnarsdóttir og Inga Aronsdóttir	Leiksk. leiðbein. Deildarstjóri x2

Skólaárið 2022 - 2023 er stefnt að því að fá fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum, s.s. fyrirlestur um hlutverk starfsmanna í leik. Í jafnréttisáætlun Fífaborgar kemur m.a. fram að eitt af markmiðum áætlunarinnar er að hafa fordómalaust umhverfi í leikskólanum. Það hefur verið unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla í Fífaborg meðal annars til þess að stuðla að því meðal nemendanna en við viljum gjarnan fá fyrirlestur fyrir starfsmenn um þetta efni. Það var á dagskrá á síðasta starfsári að fá slíkan fyrirlestur en það tókst ekki. Einnig stefnum við að því að fá fræðslu um eflingu félagsfærni sem tengist þróunarverkefninu okkar *Litlu könnuðurnir*. Þar að auki langar okkur að fá



aftur námskeið í liðsuppbyggingu á skipulagsdegi næsta skólaárið því þó starfsandinn í Fífuborg sé mjög góður þá má alltaf gera betur.

Á skipulagsdegi í apríl var ákveðið að fara í námsferð á næsta skólaári og er ætlunin að nýta tvo skipulagsdaga í þá ferð 19. og 21. apríl 2023. Ákveðið verður á skipulagsdegi haustið 2022 hvert farið verður.

Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir og komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er. Í starfsþróunarviðtölum á liðnu skólaári var helst óskað eftir því að komast á námskeið í stjórnun, tónlist og frjálsum leik barna.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva



Við náðum að fara í eina heimsókn í Rimaskóla áður en Covid-19 fór af stað í haust. Samstarf við Rimaskóla fór aftur af stað í mars og byrjuðum við á að fara í heimsókn í frístundaheimilið Tígrisbæ, við sáum myndbands kynningu af starfinu og á eftir því gátu börnin prófa öll leikföngin sem voru á staðnum s.s. að perla, lita, leika með barbíhús, spila fótbolta og margt fleira. Síðar var farið í bókasafnið í Rimaskóla, þar fengu börnin

bókamerki sem þau lituðu og bókasafnsvörðurinn plastaði svo þau myndu endast lengur. Farið var einu sinni (venjulega tvisvar) í íþróttatíma með 1.bekk og þar var farið í löggju og bófa. Í apríl var 1.bekkur heimsóttur, þar fengu börnin að fara inn í bekk og gera verkefni með nemendum. Þeim fannst þetta mjög skemmtilegt og mikil upphefð í að koma inn í skólann. Í maí fórum við og hittum skólastjórann og fengum leiðsögn um skólann, skoðuðum textíl-, smíða- og myndmenntastofur sem börnunum fannst mjög spennandi, sérstaklega allar saumavélarnar og smíðatólin, líka háu stólarnir í myndmenntastofunni og öll listaverkin og figúrnar sem vora þarna og biðu eigenda sinna. Ekkert samstarf var á milli leikskóla í hverfinu þ.e. við Lyngheima og Laufskála þetta skólaárið.



Ekki er komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2022 – 2023, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár:

- Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október 2022
- Danstími í Rimaskóla í október 2022

- Börn í 1. bekk í Rimaskóla heimsækja leikskólana í hverfinu í nóvember 2022
- Heimsókn barna í 4. bekk í Rimaskóla í leikskólana í hverfinu á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóvember 2022
- Föstudagsfjör í desember 2022
- Íþróttatími í Rimaskóla í desember 2022 og mars 2023
- Bekkjarheimsókn í 1. bekk í mars 2023
- Heimsókn í frístund í október 2022 og apríl 2023
- Skoðunarferð um skólann í maí 2023
- Farið yfir niðurstöður úr HLJÓM – 2 á fundi með kennurum beggja skólastiga og forstöðumanni í frístundar í maí 2023

Skólaskil: Fundur var að vori með fulltrúum Rimaskóla, skil á niðurstöðum Hljóm-2 athugana og annara gagna eftir þörfum. Sérstakir skilafundir voru hafðir vegna barna með skilgreindan stuðning, hann sitja foreldrar og fulltrúar leikskóla, grunnskóla, frístundar og sérkennsluráðgjafar beggja skólastiga.

8 Foreldrasamvinna

Síðastliðið haust var reglum samkvæmt kosið í foreldraráð og foreldrafélag Fífuborgar. Auglýst var eftir nýjum meðlimum í ráðin á fundi fyrir nýja foreldra í ágúst 2021. Það voru tveir foreldrar sem buðu sig fram, báðir í foreldrafélagið.

Fyrri meðlimir foreldraráðs og foreldrafélagsins gáfu kost á sér til áframhaldandi setu.

Við leikskólann starfar foreldraráð og í því sitja fjórir fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðilar um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Foreldraráðið hélt tvo fundi þetta skólaárið og gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á næsta skólaári.

Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja fimm fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð og greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags.

Fyrir áramót gerðu foreldrafélagið og foreldraráðið umsögn að drögum um aðgerðaráætlun menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022-2024. Foreldraráð skilaði einnig umsögn á drögum að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla og frístundastarf.

Búið er að setja dagsetningar fyrir foreldrafundi á skóladagatal leikskólans og verða fundirnir að öllu óbreyttu 26. - 29. september 2022. Hulduheimar þann 26., Dvergheimar þann 27., Álfheimar þann 28. og Ljósheimar þann 29. september.

Foreldraviðtöl að hausti hefjast 31. október 2022 og foreldraviðtöl að vori hefjast 6. mars 2023.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Fífuborgar skólaárið 2021 – 2022:

- Fim. 22. september 2022.
- Fös. 25. nóvember 2022.
- Mán. 06. febrúar 2023. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Mið. 19. apríl 2023. Námsferð starfsmanna.
- Fös. 21. apríl 2023. Námsferð starfsmanna.
- Mið. 10. maí 2023. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.

Leikskóladagatal Fífuborgar skólaárið 2022 – 2023: Sjá fylgiskjal 2.

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 3 - Könnun vegna styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum Fífuborg

Fylgiskjal 4 – Matsgögn

F. h. leikskólans

Helga Sigurðardóttir
Leikskólastjóri

01.07.22
Dagsetning

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2022 – 2023 **Nafn leikskóla**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna María Eiríksdóttir

Brynja Ómarsdóttir

Fríða Kristín Hannesdóttir

Jóhanna Bára Haraldsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagur eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun leikskólans Fífuborgar uppfyllir allar þær kröfur sem hún á að uppfylla. Allt sem á að vera í starfsáætlun kemur þar fram.

Foreldraráði finnst ánægjulegt að sjá hvað starfsánægja mælist há í Fífuborg þrátt fyrir aukið álag í starfi vegna styttingu vinnuvikunnar. Hægt er að gera ráð fyrir að starfsánægja starfsfólks leiði til aukinnar ánægju barna leikskólans og foreldra þeirra. Hlýlegt og faglegt andrúmsloft er ríkjandi í samskiptum og viðmóti starfsmanna leikskólans að mati foreldraráðsins.

Foreldraráðið fagnar öllum þeim fjölbreyttu þróunarverkefnum sem Fífuborg vinnur að. Foreldraráð telur að heimsóknir í leikskólann og samvinna foreldra og leikskóla sé ávallt börnunum og starfi leikskólans til framdráttar. Foreldraráði finnst það einnig mjög jákvætt að starfsfólk á Fífuborg hafi fléttað saman vináttuverkefni og könnunaraðferðina með áherslu á félagsfærni.

Foreldraráði telur markmiðin um hlutverk starfsmanna í leik vera skýr. Það er frábært að starfsmenn taki sér tíma til að ræða saman á deildarfundum um hlutverk sitt í leik barnanna og gefi sér tíma til að lesa sér til fróðleiks.

Foreldraráð fagnar öllu því frábæra umbótastarfi sem á sér stað í Fífuborg og telur að endurmenntun og símenntun starfsfólks sé mjög mikilvægur liður í því starfi.

Þá telur foreldraráð samstarf leikskóla við grunnskóla og frístundamiðstöðvar vera mjög mikilvægt og styður áætlun um samstarf fyrir komandi skólaár. Æskilegt væri að koma á meira samstarfi við aðra leikskóla í hverfinu.


10.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MÁRS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 F	1 L	1 D	1 F	1 S	1 M	1 M	1 L	1 F	1 F	1 L
2 D	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 D	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 D	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 D	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 D	4 F	4 S	4 D
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 D	6 F	6 S	6 D	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 D	6 F
7 S	7 M	7 F	7 D	7 M	7 L	7 D	7 F	7 F	7 S	7 M	7 F
8 M	8 F	8 L	8 D	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 D	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 D	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 D	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 D	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 D	11 F	11 S	11 D
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 D	13 F	13 S	13 D	13 F	13 M	13 M	13 L	13 L	13 D	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 D	14 D	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 D	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 D	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 D	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 D	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M
18 F	18 S	18 D	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 D	18 F	18 S	18 D
19 F	19 M	19 L	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M
20 L	20 D	20 F	20 S	20 D	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 D	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 D	21 D	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L	22 D	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 D	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 F	23 S	23 D	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 D	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 M	25 D	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 D	25 F	25 S	25 D
26 F	26 L	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 D	27 F	27 S	27 M	27 L	27 M	27 M	27 F	27 L	27 D	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 L	28 D	28 D	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F
29 M	29 F	29 L	29 D	29 M	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 D	30 F	30 S	30 M	30 F	30 L	30 M	30 F	30 S	30 D	30 F	30 S
31 M	31 L	31 M	31 F	31 L	31 D	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M

10.3 Fylgiskjal 3 - Könnun vegna styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum Fífuborg

Hversu jökvæð eða neikvæð áhrif telur þú að stytting vinnuvikunnar hafi á starfsánægu þína?


☰ ⬇️ 🗨️ 🗑️



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög jökvæð	3	30.48%	<div style="width: 30.48%;"></div>				
Fremur jökvæð	6	46.15%	<div style="width: 46.15%;"></div>				
Hvorki né	2	15.38%	<div style="width: 15.38%;"></div>				
Fremur neikvæð	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Mjög neikvæð	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Total	11	100%					

EF þú berð saman gæði vinnu þinnar fyrir og eftir styttingu vinnuvikunnar, hversu ánægð(ur) ert þú með gæði vinnu þinnar eftir styttinguna?


☰ ⬇️ 🗨️ 🗑️



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög ánægður	2	16.67%	<div style="width: 16.67%;"></div>				
Fremur ánægður	6	50.89%	<div style="width: 50.89%;"></div>				
Hvorki né	1	8.33%	<div style="width: 8.33%;"></div>				
Fremur óánægður	3	26.00%	<div style="width: 26.00%;"></div>				
Mjög óánægður	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Total	12	100%					

Hversu ánægð(ur) ert þú með afköstin sem þú skilar í starfi?


📊 📄 🗑️ 🔍



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög ánægður	3	25%	<div style="width: 25%;"></div>				
Færur ánægður	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Hvorki né	3	25%	<div style="width: 25%;"></div>				
Færur óánægður	1	8.33%	<div style="width: 8.33%;"></div>				
Mjög óánægður	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Total	12	100%					

Hversu vel hefur þér gengið að koma á jafnvægi á milli vinnu og einkalífs?

📊 📄 🗑️ 🔍




Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög vel	4	33.33%	<div style="width: 33.33%;"></div>				
Færur vel	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Hvorki né	2	16.67%	<div style="width: 16.67%;"></div>				
Færur illa	1	8.33%	<div style="width: 8.33%;"></div>				
Mjög illa	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Total	12	100%					



Upplifir þú meira álag í starfinu?


☰ ⬆ ⬇ ⬅ Ⓞ



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög oft eða alltaf	3	25%	<div style="width: 25%;"></div>				
Flestur spáttíðni	1	8.33%	<div style="width: 8.33%;"></div>				
Mjög sjaldan eða aldrei	3	25%	<div style="width: 25%;"></div>				
Stundum	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Total	12	100%					

Telur þú að stytting vinnuvikunnar hafi jákvæð áhrif á stafsandann?

☰ ⬆ ⬇ ⬅ Ⓞ



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög oft eða alltaf	2	16.67%	<div style="width: 16.67%;"></div>				
Flestur spáttíðni	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Stundum	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Flestur spáttíðni	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Mjög sjaldan eða aldrei	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Total	12	100%					





Ásvar	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög góð	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Fremur góð	7	58.33%	<div style="width: 58.33%;"></div>				
Ekki nill	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Fækkur gætt	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Mjög slæmt	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Total	12	100%					

Er eitthvað sem þér finnst að hefði verið hægt að gera betur eða öðruvísi í skipulagi vinnustaðarins vegna styttingarinnar?

05/11/2022 07260929 Nei

05/11/2022 07260305 ekkert senn mér dettur í hug

Er eitthvað sem þér finnst að hefði veri hægt að gera betur eða öðruvísi varðandi samvinnu á milli deilda vegna styttingarinnar?

05/11/2022 07260929 Nei

05/11/2022 07260305 ekkert senn mér dettur í hug

05/11/2022 07259932 Ökkert sem viðkemur vinnustaðnum en skipulag og fjármagn hefði mátt fylgja.

Er eitthvað sem þér dettur í huga að mætti bæta í tengslum við liðan þína í starfi, starfsandann og daglegt starf, samskipti við barnahópinn og starfshætti í leikskólanum?

05/11/2022 07260929 Nei


05/11/2022 07259932 Nei

05/11/2022 07259932 Finnst örðú aðfarsa að önnu eiru og tölaeivinnemöskun og önnu foleylitvæmleimur þer sem styttingin á að nýtast í lærnemiröolinu og fl. Ekkir spjllgeft að maður geti fengið tíma á styttingardögum. Mun mæna þag eftir haldagi hiru á staðit og fækkar þeim stundum senn hægt er að gera eitthvað með börnunum, örðú mæna um ferðbandarinnu.



1. Ertu sátt(ur) við þær breytingar sem hafa verið gerðar á stafl leikskólans með tilkomu styttingu vinnuvikunnar?

📊 ⬆️ ⬇️ ⌂



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög sáttur	1	8.33%	<div style="width: 8.33%;"></div>				
Fremur sáttur	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Hvorki né	3	25%	<div style="width: 25%;"></div>				
Fremur ósáttur	2	16.67%	<div style="width: 16.67%;"></div>				
Mjög ósáttur	1	8.33%	<div style="width: 8.33%;"></div>				
Total	12	100%					

Ef svarið við spurningu 11 er fremur ósátt(ur) eða mjög ósátt(ur) hvaða breytingar á starfinu ert þú helst ósátt(ur) við?

📊 ⬆️ ⬇️ ⌂


05/11/2022 - E226254 - Finnt minna fjölg þarf eftir hádeg og minna hlögt að vera með börnin í minni hlápu

05/11/2022 - E226276 - að þurfa að draga úr gæðum starfs þegar stytting er tekið út þar sem þarf er að fá aukin stöðugleik á milli

05/11/2022 - E226902 - Hluti myndi draga á álembro starfs milli þar sem undirbúningur fagfara er þá eftir hádeg.

Á heildina litið hversu ánægð(ur) ert þú í starfi?

📊 ⬆️ ⬇️ ⌂



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög ánægður	5	41.67%	<div style="width: 41.67%;"></div>				
Fremur ánægður	7	66.67%	<div style="width: 66.67%;"></div>				
Hvorki né	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Fremur óánægður	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Mjög óánægður	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>				
Total	12	100%					



10.4 Fylgiskjal 4 - Matsgögn

Endurmat deilda

Gátlisti, bætið við öllu sem ykkur dettur í hug.

Tíminn frá kl. 07.30-08.00.

Móttaka barna á deild.

Morgunverður.

Frjáls leikur.

Agi.

Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikir, gólfleikir).

Leikföng að heiman.

Frágangur deildar.

Svæðin frammi – nýting.

Þema.

Tónlist.

Sögustundir.

Söngur, hvar, hvenær.

Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölvan. Hvar, hvenær, hversu oft.

Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?

Hvert er hlutverk:

- Stjórnandans
- Annarra starfsmanna

Valstund á deild.

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?

Hver velur fyrstur.

Veðurfræðingur.

Hádegisverðartími.

Vinnubrögð starfsmanna.

Borðsiðir.

Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.

Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.

Snyrting.

Hlutverk starfsmanns.

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.

Hvíldarstund.

Skipting hópsins.

Framkvæmd.

Tíminn frá hvíld fram að vali.

Síðdegishressing.

Kaffitímar starfsfólks.

Samstarf deilda.

Sérkennsla.

Tíminn frá 15.30-16.00.

Frjáls leikur frá 16.00-17.00.

Að skila af sér börnum á Ljósheima (skiladeild).

Fataherbergi.

Frágangur.

Óskilaföt.

Verkaskipting/vaktaskema.

Pátttaka barna í daglegum störfum

Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?

Berum við virðingu fyrir vinalstund og öðrum samverustundum eða erum við að spjalla á meðan þær eru?

Samskipti við foreldra.

Upplýsingamiðlun.

Afmæli barnanna.

Gönguferðir.

Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.

Deildarfundir.

Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.

Skráningar.

Sameiginlegt endurmat

Móttakan

Hlutverk móttöku gagnvart börnunum

Virðum við markmið valsins eða viljum við stjórna vali barnanna?

Skráning.

Vald móttöku, loka svæðum, færa fólk til.

Önnur störf s.s. ýmis konar frágangur.

Af hverju myndast röð við valtöfluna? Hvað má senda börnin ört fram?

Öll svæði

Markmið svæða.

Hlutverk starfsmanns.

Hvað er boðið uppá á svæðinu.

Er boðið upp á allt, alltaf?

Fjöldi barna á svæðum.

Hvar eru börnunum sett mörk og hvernig? T.d. ef barni er vísað af svæði leysir það þá vandann eða situr næsti starfsmaður uppi með hann?



Frágangur.

Að klára val tímamann. Hvað er hægt að gera með börnunum? Hvað gerum við?

Samkvæmt markmiðum okkar á barnið að fá tækifæri að velja sér verkefni sjálf? Hvað ef barnið velur alltaf með einhverjum eða velur alltaf sama svæðið? Hvað gerum við?

Útivera

Hjól, snjópotur.

Yfirsýn.

Stöndum við í hnapp og kjöftum?

Fínhreyfingar

Laut

Einingakubbar

Kubbasvæði

Tilraunir

Vinastund

Gönguferðadagar



